

SAMKOMULAG UM SAMSKIPTI LÍFEYRISSJÓÐA

1. gr.

Samkomulagssjóðir

- 1.1. Með lífeyrissjóðum er í samkomulagi þessu átt við þá sjóði eða deildir sjóða, sem uppfyllt hafa skilyrði 12. gr. um aðild að því.

2. gr.

Markmið

- 2.1. Lífeyrissjóðir skulu beita sér fyrir, að í samþykktum þeirra sé kveðið svo á, að elli- og makalífeyrir sé veittur án skilyrða um lágmark áunnins réttindatíma, lágmarksfjölda áunninna stiga eða iðgjaldagreiðslur fram að lífeyrisaldri eða fráfalli. Hliðstæðar reglur gildi um rétt til örorkulífeyris með þeirri undantekningu, að sem lágmarksskilyrðis um áunninn rétt megi krefjast allt að 24 mánaða iðgjaldagreiðslu.

3. gr.

Réttindi í fleiri en einum lífeyrissjóði

- 3.1. Við úrskurðun lífeyrissjóðs um lífeyrisrétt manns, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, maka hans eða barna, skal tekið tillit til iðgjaldagreiðslna til annarra lífeyrissjóða, þar sem lífeyrisréttur hefur skapast eða hefði skapast, ef fullnægt hefði verið skilyrðum þeirra sjóða um lágmark áunnins réttindatíma, lágmarksfjölda áunninna stiga eða iðgjaldagreiðslur fram að lífeyrisaldri, orkutapi eða fráfalli. Nú eru skilyrði þessi ekki uppfyllt samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðs, jafnvel þótt tekið hafi verið tillit til iðgjaldagreiðslna til annarra lífeyrissjóða, og reiknast iðgjöld hjá fyrstnefnda lífeyrissjóðnum þá ekki með við afgreiðslu annarra lífeyrissjóða á málinu.
- 3.2. Sé lífeyrisréttur í öðrum lífeyrissjóði takmarkaður við greiðslu lífeyris afmarkað tímabil, er lífeyrissjóði, sem tekið hefur tillit til slíks lífeyrisréttar í samræmi við 3.1., heimilt að endurskoða lífeyrisúrskurð sinn að slíku tímabili loknu. Við þá endurskoðun skal þó hvorki skerða né fella niður þann hluta lífeyris, sem greitt hefur verið fyrir með flutningi iðgjalda samkvæmt eldri reglum. Gilda bótaákvæði þess sjóðs, sem við flutningi hefur tekið, um slík iðgjöld.

4. gr.

Framreikningssjóðir o.fl.

- 4.1. Með framreikningssjóði er átt við lífeyrissjóð eða deild í lífeyrissjóði, sem framreiknar réttindi vegna ókomins tíma í örorku- eða makalífeyrismáli eða mundi framreikna réttindi í því máli, ef tekið væri tillit til iðgjaldagreiðslna til annarra lífeyrissjóða samkvæmt 3.1.
- 4.2. Nú hafa iðgjöld verið greidd til fleiri en eins framreikningssjóðs, og skal þá litið á þær greiðslur, eins og þær hefðu verið til eins sjóðs, þegar meta skal rétt til framreiknings. Með iðgjöldum til lífeyrissjóða, sem veita lágmarkstryggingavernd samkvæmt 4. gr. laga nr. 129/1997 í formi samþættrar sameignar og séreignar er í þessu sambandi átt við iðgjöld til sameignar að viðbættum iðgjöldum til þess hluta séreignar, sem varið er til lágmarkstryggingaverndar (“skilyrtrar” eða “bundinnar” séreignar).
- 4.3. Það nefnist sjálfstæður framreikningsréttur hjá lífeyrissjóði, ef iðgjöld til hans veita rétt til framreiknings hjá honum.
- 4.4. Við framkvæmd samkomulags þessa skal það skilyrði í samþykktum lífeyrissjóðs, að iðgjöld hafi verið greidd til sjóðsins a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, skýrt þannig, að átt sé við fjölda almanaksmánaða fram til loka næsta mánaðar áður en orkutap eða fráfall á sér stað.

5. gr.

Framreikningsreglur

- 5.1. Nú skapast framreikningsréttur hjá lífeyrissjóði annaðhvort sjálfstæður eða með því að beita ákvæði 4.2., og skal hann þá framreikna réttindi miðað við, að framreikningurinn skiptist milli þeirra framreikningssjóða, sem iðgjöld hafa verið greidd til næstu þrjú almanaksár fyrirorkutap eða fráfall og fram til loka þess mánaðar, er orkutap eða fráfall á sér stað. Skal litið á samanlögð iðgjöld til þessara sjóða þetta tímabil, umreiknuð til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, eins og sú vísitala er í næsta mánuði eftir orkutap eða fráfall. Réttindi þannig reiknuð skulu síðan skert í hlutfalli við hlutdeild hinna sjóðanna í iðgjaldagreiðslum á tímabilinu hjá þessum sjóðum.
- 5.2. Skapist sjálfstæður framreikningsréttur hjá lífeyrissjóði og iðgjaldagreiðslur til þess sjóðs eins leiða til meiri framreiknings en samanlagður framreikningur samkvæmt 5.1., skal sjóðurinn bæta sjóðfélaga mismuninn.

- 5.3. Ef umsækjandi um örorkulífeyri hefur skipt um starf á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og hefur af þeim sökum færst milli lífeyrissjóða og rekja má starfsskipti að mati trúnaðar- eða tryggingalæknis til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins, skal miða við dagsetningu starfsloka í fyrra starfi í stað tímasetningar orkutaps við ákvörðun um, hvaða sjóður eða sjóðir skuli framreikna réttindi samkvæmt 5.1. Útreikningur framreiknaðra réttinda skal engu að síður miðast við tímasetningu orkutaps. Komi að öðru leyti upp álitamál, þar sem umsækjandi um örorkulífeyri hefur greitt iðgjöld til tveggja eða fleiri framreikningssjóða og óumdeilt er, að hann hefði átt rétt á framreikningi hjá hvorum eða hverjum þeirra um sig, ef hann hefði greitt iðgjöld sín til eins og sama framreikningssjóðs, en ákvæði samþykpta hlutaðeigandi sjóða koma engu að síður í veg fyrir framreikning, skulu þeir leitast við að leysa slík mál með fráviki frá ákvæðum samþykpta sinna eftir því, sem eðlilegt getur talist.
- 5.4. Með iðgjöldum samkvæmt þessari grein er átt við samanlögð iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðanda. Við umreikning iðgjaldanna síðustu þrjú almanaksárin fyrir orkutap eða fráfall samkvæmt 5.1. skal miða við meðalvísitölu hvers árs. Á ári orkutaps eða fráfalls skal reikna með meðaltali vísitölunnar frá áramótum til loka þess mánaðar, er orkutap eða fráfall á sér stað.

6. gr.

Barnalífeyrir

- 6.1. Með barnalífeyrissjóði er átt við lífeyrissjóð, sem veitir barnalífeyri vegna örorku eða fráfalls sjóðfélaga eða mundi veita slíkan lífeyri, ef tekið væri tillit til iðgjaldagreiðslna til annarra lífeyrissjóða samkvæmt 3.1. Skilyrði um iðgjaldagreiðslur fyrir rétti til barnalífeyris skulu í þessu sambandi skýrð á þann hátt sem í 4.4. segir.
- 6.2. Við úrskurðun barnalífeyris skal litið á iðgjöld, sem greidd hafa verið til barnalífeyrissjóða, eins og þau hefðu verið greidd til eins sjóðs.
- 6.3. Það nefnist sjálfstæður réttur til barnalífeyris hjá lífeyrissjóði, ef iðgjöld til hans veita rétt til barnalífeyris hjá honum.
- 6.4. Nú skapast réttur til barnalífeyris hjá lífeyrissjóði annaðhvort sjálfstæður eða með því að beita ákvæði 6.1., og skal hann þá veita barnalífeyri miðað við, að lífeyrisfjárhæðin skiptist milli þeirra barnalífeyrissjóða, sem iðgjöld hafa verið greidd til næstu þrjú almanaksár fyrir orkutap eða fráfall og fram til loka þess mánaðar, er orkutap eða fráfall á sér stað, með sama hætti og í 5.1. segir, sbr. þó 6.6.

- 6.5. Hafi engar iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða átt sér stað þau fjögur ár, sem tilgreind eru í 6.4., en réttur er engu að síður til barnalífeyris samkvæmt gr. 6.1., skal skipting milli hlutaðeigandi sjóða miðast við fjárhæðir elli- eða örorkulífeyris sjóðanna á þeim tíma, sem úrskurður barnalífeyris miðast við.
- 6.6. Nái hlutur lífeyrissjóðs við skiptingu barnalífeyris samkvæmt 6.4. eða 6.5. ekki 10%, færist sá hlutur til þess barnalífeyrissjóðs með 10% hlut eða meira, sem iðgjöld voru síðast greidd til eða hæst iðgjöld voru greidd til síðustu 12 mánuðina.
- 6.7. Skapist sjálfstæður réttur til barnalífeyris hjá lífeyrissjóði og sá lífeyrir er hærri en samanlagður barnalífeyrir samkvæmt 6.4., skal sjóðurinn bæta sjóðfélaga mismuninn.

7. gr.

Upplýsingar

- 7.1. Að beiðni umsækjanda um lífeyri veitir lífeyrissjóður öðrum lífeyrissjóði upplýsingar um iðgjöld, sundurliðuð eftir árum, sem fyrrnefndi sjóðurinn hefur reiknað hlutaðeigandi sjóðfélaga til áunninna réttinda. Réttindi, sem reiknuð hafa verið í SAL-stigum, má þó fyrir tímabil fram til ársloka 2005 áfram tilgreina í slíkum stigum. Í upplýsingum samþættingarsjóða skulu annars vegar koma fram iðgjöld til sameignar og hins vegar iðgjöld til þess hluta séreignar, sem varið skal til lágmarkstryggingaverndar, sbr. 4.2. Sérstaklega skal geta réttinda, sem flutt hafa verið til eða frá hlutaðeigandi sjóðfélaga vegna skiptingar á lífeyrisréttindum hjóna og sambúðarfólks, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.

8. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna

- 8.1. Nú nemur greiðsla lífeyrissjóðs svo lágri fjárhæð, að heimilt væri samkvæmt samþykktum sjóðsins að inna hana af hendi í einu lagi, og skal lífeyrir þá engu að síður greiddur mánaðarlega, ef fjárhæð hans fer yfir lágmarkið, þegar tillit er tekið til réttinda í öðrum sjóðum samkvæmt 3. og 5. gr. Nái greiðsla sjóðsins ekki kr. 1.500* á mánuði, skal þó heimilt að fækka greiðslum í allt að einni á ári.
- 8.2. Sé greiðsla lífeyrissjóðs samkvæmt 8.1. lægri en kr. 12.000 á ári, er heimilt að inna hana af hendi í formi eingreiðslu í samræmi við samþykktir sjóðsins.
- 8.3. Fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í grein þessari, miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 230 og breytist mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

9. gr.

Umsókn um lífeyri

- 9.1. Sæki sjóðfélagi um lífeyri hjá lífeyrissjóði, sem hann á iðgjöld hjá, skal slík umsókn jafnframt gilda gagnvart öðrum lífeyrissjóðum, nema annað sé fram tekið í umsókninni.
- 9.2. Sá sjóður, sem veitir umsókn viðtöku, skal innkalla nauðsynlegar upplýsingar frá öðrum sjóðum eða sjá til þess, að annar sjóður, sem málið virðist skyldara vegna framreiknings eða af öðrum ástæðum, taki við afgreiðslu þess. Síðan skal senda ljósrit umsóknar, iðgjaldyfirlits og annarra gagna til þeirra sjóða, sem greiða munu lífeyri. Lífeyrissjóður sem annast afgreiðslu umsóknar skal enn fremur senda hlutaðeigandi lífeyrissjóðum endurrit örorkumats sem hann aflar og leggur til grundvallar ákvörðun sinni um örorkulífeyri umsækjandans. Er hlutaðeigandi lífeyrissjóðum rétt að leggja það mat einnig til grundvallar ákvörðun sinni um örorkulífeyri, mæli því ekkert sérstakt í móti.

10. gr.

Úrskurðar- og umsagnarnefnd

- 10.1. Skipa skal þriggja manna úrskurðar- og umsagnarnefnd til að fjalla um mál, er varða framkvæmd samkomulags þessa. Landssamtök lífeyrissjóða skipa nefndarmenn þessa ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.
- 10.2. Hlutverk úrskurðar- og umsagnarnefndar er:
 - a. Að úrskurða um aðildarbeiðnir að samkomulaginu, sbr. 12. gr. Hafni nefndin aðildarbeiðni eða setji umsækjanda skilyrði fyrir aðild, getur hann skotið máli sínu til stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða.
 - b. Að láta aðildarsjóðum í té umsagnir um, hvernig skýra beri einstök ákvæði samkomulagsins, og um framkvæmd þess.
 - c. Að úrskurða um álita- eða ágreiningsefni í málum, sem falla undir samkomulagið og hlutaðeigandi lífeyrissjóðir eru sammála um að leita úrskurðar nefndarinnar um. Slíkur úrskurður er bindandi fyrir málsaðila. Kostnaður við úrskurðinn skiptist að jöfnu milli þeirra.
 - d. Að leita lausnar á einstökum málum, sem Landssamtök lífeyrissjóða kunna að vísa til nefndarinnar og samkomulagið varða.

Nú berast nefndinni erindi samkvæmt c- eða d-lið, og getur nefndin þá leitað sérfræðilegrar ráðgjafar.

11. gr.

Bráðabirgðaákvæði

- 11.1. Lífeyrissjóðir skulu leitast við að ráða fram úr málum, sem upp hafa komið, áður en þeir gerðust aðilar að samkomulagi þessu, en hefðu ella fallið undir það.

12. gr.

Aðildarbeiðni

- 12.1. Óski lífeyrissjóður eftir aðild að samkomulagi þessu, skal nefnd sú, sem kveðið er á um í 10. gr., úrskurða, hvort samþykktir sjóðsins séu þess eðlis, að hann geti öðlast aðild eða hvort setja beri fyrirvara af hálfu þeirra sjóða, sem fyrir eru. Geri lífeyrissjóður fyrirvara um einstök ákvæði samkomulagsins, skal nefndin úrskurða um, hvort telja megi við þá unað.

13. gr.

Gildisákvæði

- 13.1. Samkomulag þetta kemur í stað samkomulags um samskipti lífeyrissjóða, sem gilt hefur frá 1. febrúar 2008 og gildir frá 1. apríl 2010 fyrir þá lífeyrissjóði, sem Landssamtökum lífeyrissjóða hefur borist tilkynning um aðild frá eigi síðar en 31. mars 2010. Berist slík tilkynning síðar, gildir aðild hlutaðeigandi sjóðs frá næstu mánaðamótum eftir að tilkynningin berst.
- 13.2. Ákvæði samkomulags lífeyrissjóða frá 1983 um framreikning og barnalífeyri skulu gilda í málum, þar sem orkutap eða fráfall hefur átt sér stað fyrir maílok 1998. Þá skal 8. gr. samkomulagsins frá 1998 um réttindaflutning gilda í málum, þar sem orkutap eða fráfall hefur átt sér stað fyrir septemberlok 1999, svo og í ellilífeyrismálum, þar sem lífeyrir er úrskurðaður frá og með september 1999 eða fyrr. Enn fremur skal samkomulagið frá 1999 gilda um mál, þar sem orkutap eða fráfall hefur átt sér stað á tímabilinu frá og með október 1999 til og með janúar 2008 eða ellilífeyrir úrskurðaður frá þeim tíma.
- 13.3. Komist nefnd sú, sem fer yfir aðildarbeiðnir samkvæmt 12. gr., að þeirri niðurstöðu, að synja beri lífeyrissjóði um aðild eða setja um hana fyrirvara vegna

annmarka á ákvæðum samþykktta sjóðsins eða vegna fyrirvara, sem hann setur fyrir aðild sinni, skal nefndin tilkynna sjóðnum um úrskurð sinn eigi síðar en mánuði eftir að aðildarbeiðni berst.

- 13.4. Lífeyrissjóður getur sagt samkomulagi þessu upp með gildistöku í lok almanaksárs, enda berist Landssamtökum lífeyrissjóða uppsagnarbréf fyrir 1. júlí sama ár.

Staður og dagsetning _____

Nafn lífeyrissjóðs _____